

# SKILMÁLAR FORGANGSRÉTTARÚTBOÐS Í REGINN HF.

---

## ÚTGEFANDI

Útboðið sem skilmálar þessir taka til, varðar sölu á nýjum hlutum í Reginn hf., kennitala 630109-1080, Hagasmára 3, Kópavogi. Vísað er til útgefanda í skilmálum þessum sem „Reginn“ eða „félagið“ eða „útgefandi“.

Hluthafar Regins hafa forgangsrétt að hinum nýju hlutum sem boðnir eru samkvæmt þessum skilmálum og er sölu þeirra aðeins beint að hluthöfum Regins. Útboðið er undanþegið gerð lýsingar, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Skilmálar þessir teljast hluti áskriftarskrár félagsins samkvæmt 38. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Rísi mál útaf áskrift í útboðinu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## UMSJÓNARAÐILI

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, hefur umsjón með útboðinu, útgáfu og töku hinna nýju hluta til viðskipta ásamt því að annast innheimtu og uppgjör allra viðskipta útgefandans (seljanda) í tengslum við útboðið. Þegar vísað er til „umsjónaraðila“ eða „bankans“, þá á það við Íslandsbanka hf.

Fjárfestar geta nálgast upplýsingar um útboðið og aðstoð við skráningu áskrifta hjá Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka í síma 440-4000 milli kl. 09:00 og 16:00 dagana 25. september og 28. september 2020 og á tölvupóstfanginu [reginn-utbod@islandsbanki.is](mailto:reginn-utbod@islandsbanki.is)

## TILGANGUR ÚTBOÐSINS OG HEIMILD

Á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2020 var samþykkt að greiddur yrði arður til hluthafa vegna næstliðins rekstrarárs að fjárhæð 535 milljónir króna. Stjórn félagsins tók þann 23. mars 2020 ákvörðun um að fresta arðgreiðsludegi frá því sem áður var tilkynnt. Í tilkynningu félagsins af þessu tilefni kom fram að stjórn myndi ákvarða nýjan arðgreiðsludag, þó eigi síðar en 11. september 2020. Fjárhagsstaða Regins er sterk, engu að síður hefur félagið síðustu mánuði lagt kapp á að styrkja eiginfjár- og lausafjárstöðu félagsins til þess að það sé sem best í stakk búið til að mæta þeirri óvissu sem COVID-19 hefur í för með sér.

Þann 9. september 2020 samþykkti hluthafafundur að veita stjórn heimild til að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 40.000.000 að nafnvirði og skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Tilgangur hækkunarinnar er að lágmarka áhrif arðgreiðslunnar á eiginfjár- og lausafjárstöðu Regins hf. Arðgreiðslan, alls að fjárhæð 535 milljónir króna var framkvæmd þann 11. september 2020.

Stjórn Regins ákvað þann 14. september 2020 að fullnýta heimildina sem stjórninni var veitt á fyrrnefndum hluthafafundi þann 9. september 2020 og hækka hlutafé félagsins um kr. 40.000.000 að nafnvirði. Ennfremur ákvað stjórn Regins að hlutirnir verði boðnir til sölu í forgangsréttarútboði dagana 25.-28. september 2020 á útboðsgenginu 15,0 kr. á hlut. Heildarfjöldi útgefinna hluta í Reginn er 1.783.152.097 og nemur hækkunin því um 2,2% miðað við núverandi fjölda hluta. Hluthafar félagsins

og/eða þeir sem njóta forgangsréttar að nýjum hlutum í félaginu og hafa verið færðir í hlutaskrá Regins í dagslok 24. september 2020, ellegar hafa tilkynnt um framsal forgangsréttar til þeirra með þeim hætti sem áskilinn er í skilmálum þessum, eiga forgang að þeim nýju hlutum sem gefnir verða út á grundvelli útboðsins.

## ÚTBOÐIÐ

Útboðið er forgangsréttarútboð á allt að kr. 40.000.000 nýjum hlutum í Reginn, á áskriftarverðinu 15,0 kr. á hlut, til aðila sem skráðir eru hluthafar Regins kl. 17:00 (GMT) þann 24. september 2020 eða hafa fengið forgangsrétt að hinum nýju hlutum framseldan til sín. Allir hlutir í forgangsréttarútboðinu verða seldir á sama útboðsgengi og bera þeir sömu réttindi og eru í sama flokki og núverandi hlutir Regins.

Tekið verður við áskriftum forgangsréttarhafa á sérstöku rafrænu áskriftarformi sem forgangsréttarhafar geta nálgast á vefslóðinni [www.islandsbanki.is/Reginn-utbod](http://www.islandsbanki.is/Reginn-utbod) frá kl. 09:00 (GMT) þann 25. september 2020 til kl 17:00 (GMT) þann 28. september 2020. Til að skrá áskriftarloforð sitt inn á rafræna áskriftarformið þurfa fjárfestar að skrá sig inn með eftirfarandi hætti: a) með rafrænum skilríkjum á snjallsíma; b) með notendanafni og lykilorði sem fjárfestar nálgast í gegnum áskriftarformið og fá sent sem rafrænt skjal á heimabanka.

Áætlað er að niðurstöður útboðsins verði tilkynntar 29. september 2020. Gjaldlagi og eindagi áskriftanna er áætlaður 1. október 2020. Ekki er tekið við áskriftum sem innihalda fyrirvara í forgangsréttarútboðinu og er engin lágmarksfjárhæð á áskriftum í forgangsréttarútboðinu. Áskrift forgangsréttarhafa sem lögð er fram með þeim hætti sem hér er lýst telst vera skuldbindandi af hans hálfu.

Með undirritun sinni í hinu rafræna áskriftarformi telst forgangsréttarhafi lýsa því yfir að:

- Hann samþykki skilmála útboðsins sem fram koma í skilmálum þessum;
- hann geri sér grein fyrir að hann skuldbindi sig til að kaupa hluti í Reginn að andvirði þess kaupverðs sem hann tilgreinir á áskriftarforminu;
- hann geri sér grein fyrir þeirri áhættu sem felst í fjárfestingu í hlutabréfum sem og fjárfestingu í hlutum í Reginn, þar með talið þá áhættu sem fylgir rekstri Regins;
- hann gerir sér grein fyrir að hann verður að eiga vörslureikning (VS-reikning) hjá vörsluaðila til þess að mögulegt sé að afhenda honum þá hluti sem hann kaupir í útboðinu;
- að Íslandsbanka hf. sé ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í Reginn sé viðeigandi fyrir fjárfestinn og því nýtur fjárfestirinn ekki verndar samkvæmt 16. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti; og
- að hann sé meðvitaður um alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru skilmálum þessum og að hann hafi kynnt sér reglur Íslandsbanka hf. um hagsmunaárekstra.

Áskrift er reiknuð með námundun, þar sem kaupverð er reiknað sem margfeldi fjölda heilla hluta og verðs fyrir hvern hlut. Fjöldi hluta er námundaður niður á við þannig að heildaráskrift fari ekki upp yfir tilgreint heildar kaupverð. Ekkert hámark er á heildar kaupverði hluta.

Þeim hlutum sem fjárfesti kann að vera úthlutað þarf að ráðstafa á vörslureikning hjá fjármálafyrirtæki. Við áskrift á útboðsvefnum þarf að tilgreina til hvaða fjármálafyrirtækis skal ráðstafa hlutunum.

Umsjónaraðili mun taka við áskriftum forgangsréttarhafa í forgangsútboðinu á því rafræna áskriftarformi sem lýst er að ofan. Í kjölfar áskriftar sinnar mun forgangsréttarhafi fá senda staðfestingu á móttöku áskriftar í forgangsréttarútboðinu á það tölvupóstfang sem hann tilgreindi á áskriftarforminu. Er sú staðfesting sönnun á framlagningu áskriftar forgangsréttarhafa. Leiki vafi á gildi áskriftar verður forgangsréttarhafi að geta framvísað staðfestingunni til að færa sönnun á áskrift sinni.

Forgangsréttarhafar skulu nýta forgangsrétt sinn til áskriftar fyrir hinum nýju hlutum fyrir lok útboðstímabilsins (þ.e. fyrir kl. 17:00 (GMT) þann 28. september 2020). Hafi forgangsréttarhafi ekki skilað inn áskrift að hinum nýju hlutum til umsjónaraðila fyrir lok útboðstímabilsins með þeim hætti sem lýst er í skilmálum þessum fellur forgangsréttur hans niður varðandi þá hlutfjárhækkun sem lýst er í skilmálum þessum.

Óski hluthafi eftir að kaupa fleiri hluti í útboðinu en sem nemur forgangsrétti sínum, þ.e. lýsi sig reiðubúinn til umframáskriftar, skal hann gera það á vefsíðu útboðsins á meðan útboðið stendur yfir eða frá kl 09:00 (GMT) föstudaginn 25. september 2020 til kl 17:00 (GMT) mánudaginn 28. september 2020.

Kjósi forgangsréttarhafar ekki að nýta sér rétt sinn til að kaupa hlutabréf í útboðinu verða þeir fyrir allt að 2,2% þynningu.

## FORGANGSRÉTTUR

Útboðið fer fram á Íslandi og er það eingöngu markaðssett á Íslandi. Hluthafar sem skráðir eru sem slíkir í hlutaskrá Regins hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. kl 17:00 (GMT) þann 24. september 2020 (viðmiðunardagur forgangsréttar), ellegar þeir sem fengið hafa forgangsrétt framseldan til sín og að framsalið hafi verið skráð á útboðssíðu útboðsins samkvæmt skilmálum þess, eiga hlutfallslegan forgangsrétt til að skrifa sig fyrir og fá hinum nýju hlutum úthlutað til sín í forgangsréttarútboðinu, allt að rétttri tölðu við fjölda hluta í þeirra eigu (eða fjölda hluta sem framseldur forgangsréttur miðast við) á þeim degi. Í skilmálunum er vísað til þessara aðila sem „forgangsréttarhafa“ eða „hluthafa“. Þar sem miðað er við að uppgjör viðskipta með hluti í Reginn hafi farið samkvæmt hinum hefðbundna T+2 uppgjörsmáta í Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. mun hver sá fjárfestir sem kaupir hluti í Reginn á tímabilinu fram til 22. september 2020 (að þeim degi meðtöldum) teljast eiga forgangsrétt að hinum nýju hlutum á framangreindum viðmiðunardegi. Þeir hluthafar sem eignast hluti sína í Reginn eftir það tímamark, en þó á áskriftartímabilinu, verða að gæta þess að fá forgangsrétt að hinum nýju hlutum sérstaklega framseldan til sín, hyggist þeir nýta forgangsréttinn.

Samkvæmt 34. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 er hluthöfum heimilt að framselja forgangsrétt sinn að hluta eða í heild, hvort heldur til annars forgangsréttarhafa eða til annarra. Sá réttur til umframáskriftar sem fjallað er um hér að ofan er hins vegar ekki framseljanlegur. Framsal forgangsréttar fer fram á vefsíðu útboðsins og er opið fyrir framsal á meðan útboðið stendur yfir eða frá kl 09:00 (GMT) föstudaginn 25. september 2020 til kl 17:00 (GMT) mánudaginn 28. september 2020.

## ÚTHLUTUN AÐ LOKNU ÚTBOÐI

Hinum nýju hlutum í Reginn verður fyrst úthlutað byggt á hlutfallslegum (pro-rata) forgangsrétti áskrifenda að nýjum hlutum Regins, hvort heldur áskrifendurnir njóta slíks réttar á grundvelli

hlutafjäreignar sinnar, ellegar þess að hafa fengið forgangsréttinn framseldan til sín með þeim hætti sem lýst er í skilmálum þessum.

Komi til þess að einhverjir forgangsréttarhafar nýti ekki forgangsrétt sinn að einhverju eða öllu leyti, þá verður þeim nýju hlutum sem áskrift fæst þannig ekki fyrir úthlutað til annarra forkaupsréttarhafa sem hafa lýst sig reiðubúna til að skrifa sig fyrir hinum nýju hlutum umfram forgangsrétt sinn. Mun úthlutun til slíkra fjárfesta fara fram í réttu hlutfalli við hlutafjäreign hvers og eins þeirra.

Eftir að tilkynnt hefur verið opinberlega um niðurstöður útboðsins verður fjárfestum sendur tölvupóstur með upplýsingum um úthlutun í útboðinu og greiðslufyrirmæli. Fjárfestar fá rafrænan greiðsluseðil sem verður aðgengilegur í netbönum. Gjald dagi og eindagi greiðsluseðla vegna útboðsins er áformaður 1. október 2020.

Stjórn Reginn áskilur sér rétt til þess að, annað hvort, i) fella niður áskriftir þeirra fjárfesta sem ekki hafa greitt áskriftarloforð sín á eindaga og endurúthluta þeim nýju hlutum sem ella hefðu komið í hlut slíkra fjárfesta samkvæmt því sem stjórn Regins telur best henta, ellegar ii) innheimta vanefnd áskriftarloforð slíkra fjárfesta með vöxtum og innheimtukostnaði.

Einnig áskilur stjórn Reginn sér rétt til þess að hverfa frá útboðinu og ógilda áskriftir fjárfesta ef hlutafjárhækkunin fæst ekki skráð hjá fyrirtækjaskrá Skattsins, ellegar hinir nýju hlutir fengjust ekki teknir til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

## ÚTGÁFA OG AFHENDING HLUTA

Hlutir verða gefnir út rafrænt hjá Nasdaq Verðbréfamiðstöð hf. og teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. jafnskjótt og hlutafjárhækkun sú sem liggur útgáfu þeirra til grundvallar hefur verið skráð hjá fyrirtækjaskrá Skattsins. Gert er ráð fyrir því að hinir nýju hlutir verði afhentir og teknir til viðskipta þann 2. október 2020.

Hinir nýju hlutir verða afhentir kaupendum gegn því að fullnægjandi greiðsla hafi borist samkvæmt skilmálum útboðsins. Hlutirnir verða afhentir rafrænt í kerfi Nasdaq Verðbréfamiðstöðvar hf. og mun umsjónaraðili biðja þann vörsluaðila sem hluthafi skráði við áskrift, að móttaka hlutina inn á vörslureikning sem viðkomandi hluthafi á hjá viðkomandi vörsluaðila.

Reynist kaupandi ekki eiga vörslureikning hjá þeim vörsluaðila sem umsjónaraðili hefur upplýsingar um, þá mun Íslandsbanki stofna vörslureikning í nafni fjárfestis hjá Íslandsbanka og hjá Nasdaq Verðbréfamiðstöð hf. svo hægt sé að móttaka hluti fjárfestis í samræmi við framangreint og áskilur bankinn sér rétt til að innheimta gjald af fjárfesti fyrir vörslu hlutanna í samræmi við verðskrá bankans sem er aðgengileg á vefsíðu bankans, [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is). Fjárfestir mun ekki geta átt viðskipti með eða hreyft þá hluti sem afhentir eru inn á vörslureikning sem stofnaður er með framangreindum hætti í hans nafni, nema hann hafi lokið við afhendingu þeirra gagna og veitingu þeirra upplýsinga, t.a.m í tengslum við áreiðanleikakönnun, sem Íslandsbanki hf. krefst til stofnunar vörslureiknings með fullnægjandi hætti. Fjárfestir ber sjálfur ábyrgð á því að staðreyna hvort afhending hluta hans hafi farið fram með réttum hætti og sé svo ekki, þá skal hann gera umsjónaraðila viðvart þar um án ástæðulauss dráttar.

Íslandsbanki hf. annast innheimtu og uppgjör allra viðskipta útgefandans í tengslum við útboðið. Hvorki Íslandsbanki né Reginn munu leggja kostnað á forgangsréttarhafa vegna forgangsréttarútboðsins.

Umsjónaraðila og útgefanda er hins vegar ekki kunnugt um það hvort einhver kostnaður kunni að falla á forgangsréttarhafa frá öðrum aðilum en Reginn og umsjónaraðila í tengslum við útboðið, né heldur hver fjárhæð slíks kostnaðar kynni að vera. Af þeim sökum er forgangsréttarhöfum bent á að leita sér upplýsinga um tilvist og fjárhæð slíks kostnaðar hjá öðrum aðilum sem veita þeim þjónustu í tengslum við áskrift þeirra í forgangsréttarútboðinu.

## TÍMALÍNA HELSTU DAGSETNINGA

**22. september 2020** Fjárfestar sem eignast hlutabréf í Reginn fyrir lokun markaða þennan dag munu teljast eiga forgangsrétt á hinum nýju hlutum á viðmiðunardegi forgangsréttar m.v. hefðbundinn T+2 uppgjörsmáta

**24. september 2020** Hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá Regins hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð hf. í lok þessa dags teljast eiga forgangsrétt á hinum nýju hlutum (viðmiðunardagur forgangsréttar)

**25. september 2020** Útboð hefst kl 09:00 (GMT) á [www.islandsbanki.is/Reginn-utbod](http://www.islandsbanki.is/Reginn-utbod)

**28. september 2020** Útboði lýkur kl 17:00 (GMT)

**29. september 2020** Niðurstöður útboðs tilkynntar og úthlutun áskrifta (áætlað)

**1. október 2020** Gjaldþagi og eindagi áskrifta (áætlað)

**2. október 2020** Stefnt að afhendingu og töku nýrra hluta til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq, en eins fljótt og auðið er eftir útgáfu hlutabréfa hjá fyrirtækjaskrá Skattsins (áætlað)

Framangreindar dagsetningar miðast við að útgefandi geri ekki breytingar á áskriftartímabili, úrvinnsla áskrifta taki ekki skemmri eða lengri tíma en félagið gerir ráð fyrir og umsókn útgefanda um töku hinna nýju hluta til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland sé svarað innan þeirra tímamarka sem útgefandi gerir ráð fyrir. Reginn áskilur sér einhliða rétt til að breyta fyrirframgreindum tímasetningum.

## HUGSANLEGIR HAGSMUNAÁREKSTRAR

Athygli er beint að þeim hagsmunum sem Íslandsbanki hf. kann að hafa í tengslum við fyrirhugað forgangsréttarútboð og fyrirhugaða umsókn um að hin nýju hlutabréf í Reginn verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland:

- Íslandsbanki hf. hefur umsjón með fyrirhuguðu forgangsréttarútboði og ber útgefandi kostnað af þeirri þjónustu
- Íslandsbanki hf. er viðskiptabanki útgefanda
- Íslandsbanki hf. á 0,11% hluta í Reginn fyrir útgáfu nýrra hluta

Íslandsbanki fer fram á að fjárfestar kynni sér upplýsingar um reglur um hagsmunaárekstra á vefslóð [islandsbanka](http://www.islandsbanki.is), eru settar í samræmi við 8. gr. í lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og að þeir kynni sér alla hugsanlega hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í skilmálum þessum.

## FYRIRVARI

Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum í Reginn og taka tillit til starfsumhverfis útgefanda, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og öðrum fjármálafyrirtækjum, til aðstoðar við mat á hlutabréfunum sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á hlutabréfum í útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti. Íslandsbanka hf., er ekki skylt að meta hvort þátttaka í útboðinu og kaup á hlutum í útgefanda er viðeigandi fyrir fjárfesta og nýtur fjárfestir í slíkum viðskiptum því ekki verndar samkvæmt 16. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti.